

Föstudaginn 4. júní 1965.

Nr. 1/1965.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Stefáni Karli Jónssyni

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Skaðabætur til Erlends Kristjánssonar eru hæfilega metnar í héraðsdómi kr. 41.770.20. Innheimtulaun af þeirri fjárhæð verða ekki dæmd, þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961. Ákærða ber að greiða 7% ársvexti af dæmdri bótafjárhæð frá 26. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar ber ákærða að greiða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda í Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Stefáns Karls Jónssonar, og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Erlendi Kristjánssyni kr. 41.770.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð,

kr. 8.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Frið-
riks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. nóvember 1964.

Ár 1964, þriðjudaginn 24. nóvember, var í sakadómi Akur-
eyrar, sem haldinn var af Ásmundi S. Jóhannssyni fulltrúa í
skrifstofu embættisins með undirrituðum vottum, kveðinn upp
dómur í málinu nr. 693/1964: Ákærvaldið gegn Stefáni Karli
Jónssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri
8. júlí 1964, á hendur Stefáni Karli Jónssyni sjómanni, Víði-
mýri 5 á Akureyri, fyrir að slá Erlend Kristjánsson sjómann,
Mel í Staðarsveit, í höfuðið miðvikudagsnóttina 26. júlí 1961
á bryggju í Neskaupstað með þeim afleiðingum, að Erlendur
kjálkabrotnaði, fékk glóðarauga og var lengi frá verkum vegna
meiðslanna.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/
1940 oð 4. gr. sbr. 83. gr. lögreglusamþykktar Neskaupstaðar
nr. 103/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu
skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 20. marz 1938 á Akureyri, og
er sakavottorð hans svohljóðandi:

- 1958 20/3 Akureyri. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í
6 mánuði fyrir brot á bifreiða-, umferðar- og áfengis-
lögum.
- 1957 11/12 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1958 14/10 Akureyri. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1959 10/3 Vestmannaeyjum. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun á
almannafæri.
- 1960 11/1 Siglufirði. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
færi.
- 1962 10/2 Vestmannaeyjum. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á
almannafæri.

Málsatvik verða nú rakin samkvæmt framburði ákærða, vitna-
framburðum og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Aðfaranótt miðvikudagsins 26. júlí 1961 kom Stefán Karl Jónsson, ákærði í máli þessu, til Neskaupstaðar farþegi í leigubifreiðinni R 7724. Aðrir farþegar voru Guðmundur Pétursson og Svava Halldórssdóttir, bæði frá Akureyri, Hulda Sigurðardóttir frá Hjartarstöðum í Eiðapinghá og stúlka að nafni María, sennilega frá Kópavogi. Í Neskaupstað var ekið niður á bryggju, og fóru stúlkurnar út úr bifreiðinni og gáfu sig á tal við sjómenn, sem þar voru. Voru bæði sjómennirnir og stúlkurnar undir áhrifum áfengis, og neytti sumt af fólki þessu áfengis þarna á bryggjunni. Reyndi ákærði að fá stúlkurnar til að koma inn í bifreiðina á ný og tókst það, en er bifreiðinni var ekið af stað, þvældust sjómennirnir fyrir bifreiðinni, svo hún komst vart áfram. Sté ákærði þá út úr bifreiðinni og gekk að Erlendi Kristjánssyni, einum sjómanna, og sló hann högg á kjálka, og hnaut Erlendur við síðasta höggið. Hafði hann reynt að veita mótspyrnu. Einn kvenfarþeginn reyndi að ganga á milli, en mátti sín einskis. Aðrir voru hlutlausir áhorfendur. Eftir þetta ók bifreiðin á brott með farþega sína.

Erlendur Kristjánsson, sem var skipverji á m/s Guðbjörgu, GK 220, fór til skips síns. Nokkru eftir atburð þenna, sem mun hafa gerzt á tímabilinu frá kl. 0300 til 0400, kenndi Erlendur eymsla í kjálka og fór á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað kl. 0615, og við röntgenmyndatöku kom í ljós, að neðri kjálkin á honum var brotinn vinstra megin aftan til, og hann var með glóðarauga vinstra megin einnig, eins og segir í vottorði læknisins Elíasar Eyvindssonar, dagsettu 27. júlí 1961, og taldi hann Erlend óvinnufæran um óákveðinn tíma. Gert var að meiðslum hans til bráðabirgða, og síðan var hann sendur til Reykjavíkur og mátti víkja úr skiprúmi.

Hreinn Magnússon, ökumaður R 7724 greint sinn, kvað farþega sína flesta hafa verið hreyfa af víni. Á bryggjunni í Neskaupstað kvað vitnið farþegana, utan ákærða, hafa farið út úr bifreiðinni, og gáfu þeir sig á tal við sjómenn, sem þarna voru fyrir. Þegar halda skyldi af stað aftur, vantaði einn kvenfarþegann, og var hann á tali við pilt á bryggjunni. Skyndilega sté ákærði út úr bifreiðinni og gekk til þeirra. Sló hann síðan piltinn tvö hnefahögg í andlit, að því er vitnið minnti, og hrasaði pilturinn við og missti vínflösku, sem hann hafði haldið á. Vitnið dreif farþega sína inn í bifreiðina og ók í brott.

Ragnar Sigurðsson, hafnarvörður í Neskaupstað, mætti sem vitni í málinu. Kvaðst hann hafa verið í hafnarskýlinu, þegar

greindur atburður gerðist. Kvað það sjómennina á bryggjunni og farþega R 7724 hafa verið meira og minna undir áhrifum áfengis. Við bifreiðina myndaðist þröng manna, er henni var ekið af stað. Skyndilega hafi einn farþeginn undið sér út úr bifreiðinni, gengið framan að Erlendi Kristjánssyni og slegið hann þrjú högg á vinstri kjálka. Við síðasta höggið féll Erlendur og missti vínflösku, sem hann hélt á í hendi sér.

Magnús Björgvinsson, skipverji á m/s Guðbjörgu, GK 200, mætti sem vitni í málinu. Kvaðst vitnið ásamt Erlendi Kristjánssyni hafa átt tal við stúlkur á bryggjunni í greint sinn, og fylgdu þeir þeim að bifreið, sem stóð ofarlega á bryggjunni. Stúlkurnar stigu inn í bifreiðina, utan ein, sem ræddi við Erlend Kristjánsson. Allt í einu kom maður út úr bifreiðinni, gekk rakleitt að Erlendi og sló hann umsvifalaust, a.m.k. tvisvar, í höfuðið, svo Erlendur féll. Sté maður þessi síðan upp í bifreiðina, sem ók á brott. Vitnið kvað áráðarmanninn hafa verið allmikið drukkinn.

Vitnið Guðbjörn Ægir Axelsson, skipsfélagi Erlends, stóð álangdar, er umræddur atburður gerðist. Var Erlendur í hópi fólks, er vitnið sá mann vinda sér út úr bifreið, sem þarna stóð, ganga beint að Erlendi og slá hann, svo hann féll. Fór áráðarmaðurinn síðan inn í bifreiðina. Samhljóða framburði þessum er framburður vitnisins Marels Andréssonar.

Vitnið Guðmundur Pétursson, ferðafélagi ákærða, kvaðst ekki hafa orðið var við handalögmál á bryggjunni, en á leiðinni til baka heyrði það ákærða og bifreiðarstjóran, vitnið Hrein Magnússon, tala um það, að ákærði hefði lent í átökum ofan við bryggjuna.

Vitnið Hulda Sigurðardóttir, einn kvenfarþegi R 7724, kvað ákærða hafa verið ölvaðan, og hafi hann gengið til Erlends, þar sem hann var á tali á bryggjunni við hina tvo kvenfarþega R 7724, og slegið hann.

Erlendur Kristjánsson, kærandi þessa máls, kvaðst í greint sinn hafa verið á tali við sér óþekkta stúlku á bryggjunni og verið að bjóða henni vín, er hann varð skyndilega fyrir árás ákærða, er greiddi honum hvert hnefahögg á fætur öðru í andlit, nánar tiltekið á vinstri kjálka, svo hann hálfrotaðist og féll á bryggjuna og missti áfengisflösku, sem hann hafði haldið á.

Ákærði mætti í sakadómi Seyðisfjarðar 26. júlí 1961, eða sama dag og brot það telst framið, sem ákært er fyrir. Kannaðist hann þá við að hafa slegið mann á bryggju í Neskaup-

stað, en taldi hann hafa móðgað sig í orði. Hinn 15. febrúar 1962 mætti ákærði í sakadómi Vestmannaeyja. Kvaðst hann þá hafa verið ölvaður í ferðalaginu til Neskaupstaðar, er þangað var komið, 26. júlí 1961.

Í þessu þinghaldi kvað ákærði sig ekki muna eftir því, er hann sló mann á bryggjunni í Neskaupstað, en neitaði ekki að hafa slegið manninn, en taldi hann hljóta hafa gert eitthvað á sinn hluta.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, telst fyllilega sannað, að ákærði hafi með atferli sínu í greint sinn brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem afleiðingar árásarinnar, þ. e. meiðsli Erlends, sbr. vottorð Elíasar Eyvindssonar læknið, sem áður er rakið, eru slíkar sem lýst er í þessari grein hegningarlaganna, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Erlendur Kristjánsson hefur gert þá kröfu á hendur ákærða, Stefáni Karli, að hann verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 54.829.10 auk 7% ársvaxta frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og bóknunar samkvæmt texta L.M.F.Í., 2. gr., b-lið, til lögfræðilegs ráðunautar síns.

Skaðabótafjárhæðina hefur hann sundurliðað þannig:

1. Vinnutjón frá 26. júlí 1961 til loka
síldarvertiðar 28. ágúst s. á. kr. 26.930.25
2. Vinnutjón frá síldarvertiðarlokum til
19. september s. á. — 5.200.00
3. Læknishjálp og önnur útgjöld — 2.518.85
4. Röntgenmyndun — 180.00
5. Bætur fyrir sársauka og óþægindi .. — 20.000.00

Af hendi ákærða er kröfu þessari mótmælt sem of hárrí, og við munnlegan flutning málsins var krafizt sakarskiptingar. Lið nr. 2 mótmælt sem of háum, þar sem ósennilegt væri, að Erlendur hefði unnið á þessum tíma og þar til hann hóf nám í Sjómannaskólanum.

Til stuðnings kröfu sinni hefur Erlendur Kristjánsson lagt fram vottorð Magnúsar Marteinsonar, útgerðarstjóra Arnar h/f, eiganda m/s Guðbjargar, GK 200, sem hann var skipverji á sumarið 1961 til 26. júlí, þar sem hann segir, að aflahlutur hans, frá því hann fór úr skiprúmi og til vertiðarloka, mundi hafa numið kr. 26.930.25. Með hliðsjón af vottorði Elíasar Eyvindssonar læknið um það, að Erlendur væri óvinnufær, ber að taka

þenna lið kröfunnar til greina að fullu. Til stuðnings lið 2 hefur Erlendur aflað sér vottorðs prófessors Jóns Sigtryggssonar, dagsetts 19. september 1961, þar sem segir, að aðgerð sé lokið og Erlendur vinnufær. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 3.000.00. Til stuðnings lið nr. 3 hefur Erlendur framvísað reikningum, að fjárhæð kr. 1.839.95, og ber að taka kröfulið þenna til greina að þessu leyti.

Ekki hefur verið framvísað reikningi til stuðnings kröfulið 4, og vísast kröfunni frá dómi.

Bætur samkvæmt lið nr. 5 þykja eftir atvikum og með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu bóta til handa Erlendi Kristjánssyni, samtals að fjárhæð kr. 41.770.20, auk 7% ársvaxta af þeirri upphæð frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og þóknunar til lögfræðilegs ráðunautar hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 3.000.00.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls annars málskostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlauna, kr. 5.000.00, til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Karl Jónsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði Erlendi Kristjánssyni, Mel í Staðarsveit, kr. 41.770.20 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 26. júlí 1961 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 4.000.00, saksóknarlaun í ríkissjóð, og kr. 5.000.00, málsvarnarlaun til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.